



Sauðárkróksrally BÍKR

Leiðalýsing

Að sérleið 1:

Ræst frá Sauðárkróki og ekið til suðurs inn á veg nr. 75. Eftir þeim vegi áfram til Varmahlíðar í gegn um Varmahlíð áfram til suðurs. Beygt til vinstri inn á veg 752 Mælifell ekið áfram til suðurs u.þ.b. 11 km þar sem beygt er til hægri inn á veg 751 Efríbyggð eftir honum skal aka 1,4 km og beygt þá til vinstri inn á veg nr. 35 (á skiltinu stendur Hveravellir 116 km). Ekið skal eftir þeim vegi yfir brú og áfram, alls 4,7 km að að upphafi sérleiðar.

Sérleið 1: Mælifellsdalur 1 **Start N 65'24. 788** **W 019'24.060**
Endir N 65'14. 714 **W 019'27.057**

Ekinn sérleið um Mælifellsdal endamark við Bugavatn samtals 23,5 km

Viðsnúningur

Sérleið 2: Mælifellsdalur 2 **Start N 65'14. 714** **W 019'27.057**
Mælifellsdalur ekinn til baka. **Endir N 65'24. 788** **W 019'24.060**

Sérleið 3: Sama og sérleið 1

Viðsnúningur

Sérleið 4: Sama og sérleið 2. **OFURLEIÐ**

Ferjuleið að sérleið 5:

Ekið niður á veg 752 Skagafjarðarleið og beygt til hægri eknir u.þ.b. 25,3 km. eftir vegi 752 að bænum Litlu-Hlíð. Þar er ræst inn á sérleiðina Vesturdal 1.

Sérleið 5: Vesturdalur 1 **Start N 65°17.110** **W 019°01.800**
Endir N 65°12.586 **W 018°12.586**

Ekið framhjá brú og ræst skammt frá, eknir 10,6 km. að Þorljótsstöðum. Flaggað verður út á beinum kafla skammt frá sumarhúsi. Athugið að ekið er yfir læk/á við bæinn Giljar og skömmu síðar er ekið í gegnum tún með tveim hliðum. Passa verður vel að loka hliðum í leiðaskoðun.

Viðsnúningur **Hér verður þjónustubann**

Sérleið 6: Vesturdalur 2

Start N 65°12.586 **W 018°12.586**
Endir N 65°17.110 **W 019°01.800**

Vesturdalur ekinn til baka

Ferjuleið að Endamarki:

Ekið sem leið liggur til Sauðárkróks, eftir vegi 752 og 75 að Vörumiðlun, Eyrarvegi 21, Sauðárkróki. Þegar komið er að Sauðárkróki er beygt til vinstri á Skagfirðingabraut. Endamark er á bílplaninu hjá Kaupfélagi Skagfirðinga.